

9. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupp-hæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 101,3 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða, enda liggja fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 339, 16. júlí 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 14. september 1987.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Páll Línal.

REGLUGERÐ

um sérstök togveiðisvæði samkvæmt lögum nr. 97 20. desember 1985.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði F. og G. liðar 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, er öllum skipum heimilt að stunda veiðar með botnvörpu á eftirgreindum veiðisvæðum og tímum:

- A. Utan Breiðafjarðar, frá 1. október 1987 til 31. desember 1987 norðan 65° og utan fjögurra sjómílna frá línu, sem dregin er úr Öndverðarnesvita í Bjargtanga (65° 30'2 N, 24° 32'1 V). Að norðan markast svæðið af línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum.
- B. Fyrir Vestfjörðum, frá 1. október 1987 til 31. desember 1987, utan línu sem dregin er 8 sjómílnur utan viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81/1976, frá línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum að línu sem dregin er 317° réttvísandi frá Óshólavita í Ísafjarðardjúpi. Norðan línu, sem dregin er 317° frá Óshólavita norður um að 22° 44'0 V, eru togveiðar með botnvörpu heimilaðar utan fjögurra sjómílna frá viðmiðunarlínu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 97 20. desember 1985 um stjórn fiskveiða 1986-1987 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. september 1987.

F.h.r.

Árni Kolbeinsson.

Pórður Eyþórsson.